



Mælt er með að skráðar séu í Ískrá þær læknisfræðilegu greiningar sem nemandi er með og er það gert á eftirfarandi hátt.

- Tvísmellt í línu nemandans undir „L...“ í bekkjarskrá (mynd 1) en L stendur fyrir „Nemandi með læknisfræðilega greiningu á langvinnu heilbrigðisvandamáli“
- Glugginn ‚Greining‘ opnast og er smellt á ‚Bæta inn greiningu‘ (mynd 2).
- Upp kemur viðvörunargluggi sem spyr hvort notandi vilji bæta við greiningu. Smellt á ‚yes‘ til að skrá greiningu (mynd 3).
- Glugginn ‚Skrá greiningu‘ opnast (mynd 4) og er greiningin valin annaðhvort af flettilistanum eða með því að fara í örina fyrir aftan línuna undir orðaleit og birtast þá yfirflokkar (mynd 4) en þegar farið er í viðeigandi yfirflokk þá birtast þær greiningar sem tengjast yfirflokknum. **Ef engin undirgreining á við má tvísmella á yfirflokkinn og nota sem greiningu.**
- Tvísmellt er á rétta greiningu og birtist hún þá í greiningarglugganum (mynd 5).
- Sé vitað um lækni barnsins er hann skráður og einnig hvaðan upplýsingar eru fengnar, t.d. móður, föður, kennara o.s.frv. (mynd 5).
- Þegar greining hefur verið skráð er glugganum lokað (x2) og merkt þá X í L reitinn í bekkjarskrá sem segir notanda að neminn sé með læknisfræðilega greiningu á langvinnu heilsuvanda (mynd 6).
- Í heilsufarsskránni er einnig hægt að skrá greiningu. Valinn er hnappurinn ‚Greining‘ og er ferlið hið sama



#	Nafn	Athugasemdir	Samskipti	Líkamsmat L...	Ónæmi	Lífsstílsmat	Hæð/þyngd LPS	Sjón	Bólus.staða	Lyf	Ókt.
1	Finnalli Jónsson		0	..	23.09.2016	..	..	0.0	Fulln.		0
2	Finn Gunnar Pálsson		0	..		..	15.06.2016	23.7	ASK		0
3	Jónfinna Siggadóttir		0	..	..	..	..	0.0			X 0

**Mynd 1:** Hér á að skrá læknisfræðilega greiningu á Finngunnar og er tvísmellt á í línuna hans í bekkjarskrá undir L...



Greining


Nemandi  
Finn Gunnar Pálsson

Bæta inn greiningu

Færsla	Greining	Læknir	Upplýsingar	Bréf dags	Ó

Loka glugga

**Mynd 2:** Smellt er á ‚Bæta inn greiningu‘



Ískrá

Valinn nemandi er; Finngunnar Pálsson ?  
Viltu bæta við greiningu?

Yes No

**Mynd 3:** Viðvörunargluggi sem birtist og spyr hvort bæta eigi við greiningu á valinn nemanda. Smellt á ‚yes‘ ef skrá á greiningu.

Skrá greiningu

### Ný greining

Dagsetning færslu  
30.08.2017

Greining

Læknir

Upplýsingar frá öðrum aðila

Bréf dags.

Orðaleit

Aðrar atferlis og geðbrigðaraskanir sem venj

Aðrar kvíðaraskanir

Aðskilnaðarkvíðaröskun í bernsku

Almenn kvíðaröskun

Annað heymartap

Asbergers heilkenni

Asmi

Áráttu- og þráhyggjuröskun

Átraskanir

Loka qluqqa Hætta við

**Mynd 4:** Til að skrá greiningu er annað hvort farið neðst í flettilistann og valin með tvísmelli sú greining sem á við. Einnig er hægt að fara í örina í línunni undir „Orðaleit“ og velja þar yfirflokk og velja síðan undirgreiningu með tvísmelli úr listanum fyrir neðan. Ef engin undirgreining á við er hægt að velja einungis yfirflokkinn.

Þegar rétta greiningin er fundin er tvísmellt á hana og þá færist hún í gráa gluggann undir „Greining“  
Ef vitað er um lækninn að baki greiningunni er hann skráður, ef ekki er vitað um hann þarf að skrá hvaðan upplýsingarnar eru fengnar, t.d. móður, föður, kennara o.s.frv.

Yfirflokkar

Áverki, eitrun og aðrar tilteknar afleiðingar ytri orsaka

Einkenni, teikn og afbrigðilegar klínískar og rannsóknamiðurstöður, ekki flokkuð annars staðar

Geð- og atferlisraskanir

Innkirtla-, næringar og efnaskiptasjúkdómar

Meðfæddar vanskapanir, aflaganir og litningartrávk

Sjúkdómar í auga og aukalíffærum

Sjúkdómar í blóðrásarkerfi

Sjúkdómar í eyra og stíkli

Sjúkdómar í húð og húðbeð

Sjúkdómar í meltingarfærum

Sjúkdómar í taugakerfi

Sjúkdómar í vöðva og beinkerfi og í bandvef

Sjúkdómar í þvág og kynfærum

Sjúkdómar í öndunarærum

Tilteknir kvillar með upptök á burðarmálsskeiði

Æði

Tilteknir smit- og sníkjasjúkdómar

Skrá greiningu

### Ný greining

Dagsetning færslu  
31.08.2016

Greining  
Flogaveiki

Læknir

Upplýsingar frá öðrum aðila  
Móður

Bréf dags.

Orðaleit

Sjúkdómar í taugakerfi

Charcot-Marie-Tooth disease

Flogaveiki

Heilalömun og önnur lömunarheilkenni

Migreni

Spinal muscular atrophy og skyld heilkenni (

Loka qluqqa Hætta við

**Mynd 5:** Hér er búið að skrá að Finngunnar sé flogaveikur. Smellt var á örina undir orðaleit og valinn yfirflokkurinn „Sjúkdómar í taugakerfi“. Í kassann undir koma þá þær greiningar sem tengjast yfirflokknum og þar var tvísmellt á „Flogaveiki“ sem færðist þá upp í gráa reitinn undir „Greining“. Upplýsingarnar voru fengnar frá móður. Síðan var glugga lokað.

Bekkjarskrá

Bekkjarskrá

Umsjónarkennari: 4 - SJ Nafn bekkjar: 4 - SJ Fj: 5 Fræðsla Evðublið Athugasemdir

Fjöldi samskipta: 0  
Ótíðaráttir samskiptaseðlar: 0

#	Nafn	Athugasemdir	Samskipti	Likamsmat L...	Ónæmi	Lífsstílsmat	Hæð/þyngd LPS	Sjón	Bólus.staða	Lyf	Ókt.
1	Finnalli Jónsson		0		23.09.2016			0.0	Fulln.		0
2	Finngunnar Pálsson		0				15.06.2016	23.7	ASK		0
3	Jónfínna Sigggadóttir		0					0.0		X	0

**Mynd 6:** Í bekkjarskránni er komið X undir L (Nemandi með læknisfræðilega greiningu á langvinnu heilbrigðisvandamáli) sem gefur til kynna að nemandinn sé með skráða greiningu.